



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði
24. febrúar 2023 kl. 17:00.

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir og Sveinn Þórarinnsson, byggingarfulltrúi.

1. Tillaga að breyttri gjaldskrá.

Byggingarfulltrúi gerði grein fyrir endurskoðun á gjaldskrá fyrir byggingarleyfagjöld, afgreiðslu- og þjónustugjöld, gjöld fyrir skipulagsbreytingar og einnig nýjum kafla um gatnagerðargjald sem nú er bætt við í gjaldskrána. Tillagan er sett upp á svipaðan hátt og gjaldskrár nágranna sveitarfélaga þ.e. Múlabings, Fjarðabyggðar og Vopnafj.hrepps. Upphæð gjalda er framreiknuð úr gjaldskrám þessara sveitarfélaga miðað við verðlag skv. byggingarvísitölu í janúar 2023. Nefndarmenn leggja til að krónutölu upphæðir verði rúnnaðar af til lækkunar og standi á þúsundi og/eða hundraði króna fyrir byggingarleyfagjöld, afgreiðslu- og þjónustugjöld og gjöld fyrir skipulagsbreytingar. Gatnagerðargjöld verði um tveir þriðju af því sem gerist hjá nágrannasveitarfélögum. Byggingarfulltrúa er falið að leggja fram endurskoðaða og breytta gjaldskrá í samræmi við þessi sjónarmið.

2. Umsókn frá Vegagerðinni um stofnun vegsvæða.

Vegagerðin sækir um stofnun vegsvæða í landi Droplaugarstaða og Arnheiðarstaða. Í landi Droplaugarstaða er heildarflatarmál þinglýsts svæðis 38.111 m² og í landi Arnheiðarstaða 10412 m². Breidd vegsvæða er +/- 12 m frá miðlínu vegar. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti umsókn Vegagerðarinnar en vísar erindinu til endanlegrar samþykktar í sveitarstjórn sbr. 5. og 6. gr. í Jarðalögum 81/2004 og 48. gr. í Skipulagslögum 123/2010.

3. Höllustaðir.

Lagður fram breyttur uppdráttur af húsi sem samþykktur var á fundi byggingarnefndar 30.04 2021. Á fyrri uppdrætti er húsið tilgreint sem gestahús en nú er hlutverki þess breytt í íbúðarhús 2 á lóðinni. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti breytta notkun á húsinu og felur byggingarfulltrúa að breyta notkunarskráningu þess.

4. Matarvagn við Hengifossá/Hjarðarból.

Tekið fyrir erindi sem sveitarstjórn vísaði til nefndarinnar. Í því er vakin athygli á ótryggu vatnsbóli við gestaaðstöðuna við Hengifossá og nauðsyn á úrbótum. Jafnframt er óskað eftir að matarvagninn fái að tengjast rafmagni og vatni frá væntanlegu aðstöðuhúsi. Byggingar- og skipulagsnefnd er því meðmælt að orðið verði við erindinu enda greiði rekstraraðili matarvagnsins kostnað sem eru samfara tengingum og notkun.

5. Afgreiðsluferli deiliskipulags

Farið yfir stöðuna í afgreiðsluferli deiliskipulags fyrir frístundabyggð í landi Víðivalla ytri I. Gerð grein fyrir laga- og reglugerðarákvæðum þar að lútandi.

6. Önnur mál.

Eigandi Hóls hefur gert grein fyrir byggingaráformum á afmörkuðum lóðum, þó svo að enn hafi ekki verið lagðar fram fullnægjandi uppdrættir af byggingum. Einnig hefur hann haft samband við Minjastofnun, sem gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:20

Sign. Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir

Fundarritari:Sveinn Þórarinnsson.